

4. HLUTI

Tengsl ferðapjónustunnar og heimsmarkmiðanna



Co-funded by
the European Union

Ferðapjónusta og heimsmarkmið

Í 4. hluta rannsökum við samlíf ferðapjónustunnar og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þú munt sjá hvernig ferðapjónustan getur aukið hagvöxt verulega, sem og ýtt undir sjálfbærni í umhverfismálum og vernd menningarverðmæta. Þessi hluti veitir uppfræðurum og nemendum í ferðapjónustunni nauðsynlega þekkingu og tæki til að skapa sjálfbærari og réttlátari framtíð.

- 01 Engin fátækt og aukinn jöfnuður**
- 02 Góð atvinna og hagvöxtur**
- 03 Umhverfissjálfbærni**
- 04 Verndun og kynning menningarverðmæta**
- 05 Þróun og aðgangur að grunnþjónustu**
- 06 Menntun, meðvitund og sjálfbærar aðferðir**

Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og skoðanir sem settar eru fram eru þó eingöngu höfundar og endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdastofnunar Evrópu um mennta- og menningarmál (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



Co-funded by
the European Union

Hver eru heimsmarkmiðin?

Heimsmarkmiðin eru alþjóðlegt samansafn 17 tengdra markmiða sem eru hönnuð til að vera „áætlun til að tryggja betri og sjálfbærari framtíð fyrir alla“ árið 2030. Markmiðin voru sett fram á aðalfundi SP árið 2015 og markmiðin ná til breiðs mengis félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra málefna.

Ætlunin er að öll lönd nái heimsmarkmiðunum og þeim er ætlað að takast á við þau hnattrænu vandamál sem við stöndum frammi fyrir, þar á meðal fátækt, misrétti, loftslagsbreytingar, hnignun umhverfisins, frið og réttlæti.



Hví skiptir forysta kvenna máli?

Samkvæmt [UNIDO](#) stuðla kvenfrumkvöðlar með virkum hætti að breytingum sem hjálpa til við að ná Heimsmarkmiðunum fyrir 2030 og það er klókt að fjárfesta í kvenleiðtogum til að ná félagslegum markmiðum og umhverfismarkmiðum. Til að bregðast með árangursríkum hætti með loftslagshamförum þurfum við að virkja alla möguleika mannsins – þar á meðal kvenna.

[Rannsóknir](#) benda til þess að kvenfrumkvöðlar séu meðvitaðri um félagslega þætti og umhverfismál en karlkyns kollegar þeirra. [Rannsókn UNIDO](#) bendir til þess að kvenfrumkvöðlar séu gjarnari á að stofna og stækka fyrirtæki sín í grænum iðnaði en hefðbundnum iðnaði.



*Það eru mannréttindi
að styrkja
kvenfrumkvöðla, en
líka efnahagsleg og
umhverfisleg nauðsyn*

– UNIDO





01

Engin fátækt og
aukinn jöfnuður
(Heimsmarkmið 1 og 10)



Hlutverk ferðapjónustu við að draga úr fátækt – Markmið 1



Skapa störf:



Ferðapjónustan skapar fjölmörg störf, sérstaklega í þróunarríkjum og -svæðum, og það er dýrmætt fyrir konur og ungt fólk, sem eiga oft frekar á hættu á að falla í fátæktargildirur. Þetta minnkar fátækt og stuðlar að efnahagsframförum fyrir alla.

Skapa tekjur:



Ferðamennska örvar og valdeflir staðbundinn efnahag með því að mynda tekjur með vörum og þjónustu fyrir ferðamenn, sem dregur úr fátækt.

Samfélagsþróun:



Tekjur og skattar sem ferðapjónustan skapar fjármagna oft samfélagsleg verkefni og innviði, bæta lífsskilyrði og draga úr staðbundinni fátækt.



Hlutverk ferðapjónustu til að minnka ójöfnuð – Markmið 10

10
AUKINN
JÖFNUÐUR



Fjölbreytt atvinnu- tækifæri:

Ferðapjónustan bíður upp á vinnu fyrir alla, þar á meðal jaðarsetta hópa (konur, farandverkafólk og ungt fólk), sem eykur fjölbreytni og jafnrétti á vinnumarkaði.



Færniþróun og þjálfun:

Ferðapjónustan bíður oft upp á námskeið sem eykur færni einstaklinga sem eiga mögulega ekki kost á formlegri menntun, sem minnkar ójöfnuð.



Endurúthlutun tekna:

Tekjur og skattar sem skapast í ferðapjónustu má endurúthluta til fátækari samfélaga og stuðla þannig að jafnari tekjudreifingu.



Aðgengi fyrir alla:

Ferðapjónustan einblínur æ meir á ferðapjónustu fyrir alla og tryggir að vinsælir áfangastaðir séu aðgengilegir öllum með fötlun.





02

Góð atvinna og hagvöxtur (Heimsmarkmið 8)



Hlutverk ferðapjónustu í að skapa góða atvinnu og hagvöxt – Heimsmarkmið 8



Atvinnusköpun: Ferðapjónustan skapar mikið af störfum, bæði með beinum hætti og óbeint í gegnum framboðskeðjur og hvetjandi starfsemi í skyldum greinum.

Góð atvinnutækifæri: Greinar ferðapjónustunnar bjóða upp á fjölbreytt atvinnutækifæri, þar á meðal hlutastörf, árstíðabundin störf og störf fyrir nýliða á vinnumarkaði, sem eru mikilvæg fyrir ungt fólk, nemendur og aðra sem eru að koma út á vinnumarkaðinn.


Efnahagsleg fjölbreytni: Ferðapjónustan gerir efnahagslífið fjölbreyttara, sérstaklega á svæðum sem stóla á fáa arðbæra atvinnuvegi, sem tryggir efnahagslega seiglu og vöxt.

Staðbundin efnahagsþróun: Með því að laða ferðamenn á svæðið örvar ferðapjónustan staðbundna efnahagsþróun með því að auka viðskipti hjá fyrirtækjum á staðnum á borð við veitingastaði, handverksbúðir og ferðaskipuleggjendur. Alþjóðleg ferðapjónusta skapar líka gjaldeyrstekjur, sem eykur landstekjur og hagvöxt.



Fáðu innblástur

Dæmi um frumkvæði til að ná heimsmarkmiði 8 er [STEVNS Klint](#). Bjargið, sem staðsett er skammt sunnan við Kaupmannahöfn í **Danmörku**, komst á heimsminjaskrá UNESCO árið 2014. Til að skapa sjálfbæra félagslega, efnahagslega og vistvæna uppbyggingu var búin til samstarfsáætlun fyrir öll fyrirtæki, félög, stofnanir, listamenn og aðra sem vildu styðja sjálfbæra uppbyggingu innan ramma heimsminjaskrár UNESCO. Þetta var **atvinnuskapandi** og örvaði hagvöxt umtalsvert á svæðinu.



[Stevns Klint Experience | Heimsminjaskrá UNESCO](#)





03

Umhverfis- sjálfbærni

(Heimsmarkmið 13, 14 og 15)



Hlutverk ferðaþjónustu í loftslagsaðgerðum – Heimsmarkmið 13

13 AÐGERDIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



Minna kolefnisfótspor:
Ferðaþjónustan leggur sífellt meiri áherslu á að minnka kolefnisfótspor sitt með sjálfbærum starfsháttum á borð við að nota endurnýjanlega orkugjafa, innleiða sparneytnar vinnuaðferðir og hvetja ferðamenn til að nota sjálfbæra ferðamáta.

Sjálfbærir starfshættir ferðaþjónustunnar: Hvatt til vistvænnar ferðaþjónustu og sjálfbærra starfshátta, sem hjálpar til við að varðveita náttúruleg búsvæði, draga úr umhverfisáhrifum og fræða eða auka meðvitund um loftslagsbreytingar.

Grænir innviðir: Þróun grænna innviða, eins og vistvænna hótela og ferðamannastaða, stuðlar að því að draga úr loftslagsbreytingum með því að minnka orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda.



Hlutverk ferðapjónustu fyrir líf í vatni – Heimsmarkmið 14



Meðvitund um verndun hafsvæða: Starfsemi ferðapjónustu í og við hafið getur stuðlað að vitundarvakningu sem fær fólk til að meta líffræðilegan fjölbreytileika hafsins og hvetur til aukins verndarstarfs. Til dæmis aukin meðvitund um ábyrga köfun og snorklun eða samvinnu við rannsóknarverkefni sem stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika hafsins og vernda lífríki í vatni.

Að styðja vernduð hafsvæði: Ferðapjónusta getur skapað tekjur sem styðja við viðhald og stjórnun verndaðra hafsvæða, sem skiptir sköpum til að vernda hafið og líffræðilegan fjölbreytileika þess.

Að draga úr mengun hafsins: Viðleitni ferðapjónustunnar til að draga úr mengun (lágmarka plastnotkun/rétt meðhöndlun úrgangs) stuðlar að heilbrigði lífs undir vatni.

Stuðningur við sjálfbærar fiskveiðar: Með sjálfbærum veiðum á sjávarfangi og stuðningi við staðbundnar, sjálfbærar fiskveiðar, getur ferðapjónustan hjálpað til við að stuðla að hafvænum vinnubrögðum.



Fáðu innblástur ...

Í Handbók We Lead um góða starfshætti er sagt frá Rannveigu Grétarsdóttur og hvalaskoðunar-fyrirtæki hennar. Náttúru-auðlindirnar sem eru uppspretta viðskipta þeirra eru hafið og hvalirnir og til að fyrirtækið dafni um langa framtíð verða þau að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vernda þessar auðlindir. Rannveig hefur lagt áherslu á að gera nauðsynlegar ráðstafanir og taka þátt í rannsóknarverkefnum sem stuðla að verndun hafsins.



Hlutverk ferðapjónustu fyrir líf á landi – Heimsmarkmið 15

15 LÍF Á LANDI



Verndun lífríkja:

Ferðapjónusta, sem stjórnað er á sjálfbæran hátt, getur stuðlað að verndun og endurheimt náttúrulegra búsvæða og vistkerfa á landi. Hún getur einnig skapað meðvitund meðal ferðamanna og samfélaga.



Sjálfbær nýting lands:

Ferðapjónustan getur stuðlað að sjálfbærum landnýtingaraðferðum, hjálpað til við að hindra eyðimarkurmyndun, stöðvað hnignun lands og minnkandi líffræðilega fjölbreytni.



Verndun líffræðilegrar fjölbreytni:

Vistferðamennska og náttúrutengd ferðapjónusta geta gegnt mikilvægu hlutverki við að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika með því að skapa tekjur fyrir verndun og efla meðvitund almennings og stuðning fyrir verndun villtra dýra.



Landbúnaðarferðamennska eflid:

Landbúnaðarferðamennska styður sjálfbæra landbúnaðarhætti og byggðapróun, sem stuðlar að varðveislu lands og náttúruauðlinda.



Stuðningur fyrir vernduð svæði:

Ferðapjónusta getur stutt fjárhagslega við umsjón þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða með aðgangseyri og fleiri leiðum.





04

Verndun og
kynning
menningar-
verðmæta

(Heimsmarkmið 11 og 16)



Mikilvægi verndunar og kynningar menningarverðmæta

Verndun og kynning menningarverðmæta er nauðynleg til að bera virðingu fyrir fortíðinni, auðga nútíðina og tryggja fjölbreytta og vel upplýsta framtíð. Þetta er iðullega samtvinnað ferðapjónustunni.



„Borg sem er ekki góð fyrir íbúana er ekki góð fyrir ferðamenn.“

Heimild

Að viðhalda menningarlegri fjölbreytni

Sjálfsmynd og arfleifð

Innblástur og sköpun

Fræðslugildi

Ferðamennska og efnahagslegur ávinningur

Félagsleg samheldni og eining



Hlutverk ferðapjónustu fyrir sjálfbærar borgir og samfélög – Heimsmarkmið 11



Endurnýjun í borgarlandslagi: Ferðapjónustan getur leitt endurnýjun í borgarlandslagi, gert niðurnídd eða vannýtt svæði að líflegum svæðum fyrir ferðamennsku og afþreyingu.

Uppbygging innviða: Vöxtur ferðapjónustu leiðir oft til betri innviða, þar á meðal samgangna, húsnæðis og afþreyingar, sem gagnast bæði ferðamönnum og heimamönnum.

Kynning á handverki og hefðum heimamanna: Með því að sýna handverk og hefðir heimamanna hjálpar ferðamennska við að viðhalda þessum menningarverðmætum. Þetta byggir líka upp meðvitund og styður við þátttöku samfélagsins.

Snjallborgir: Samþætting ferðapjónustu og nýsköpunar snjallborga á borð við stafræn ferðamennskutól getur bætt upplifun ferðamanna og stuðlað að sjálfbærri borgarþróun.



Hlutverk ferðapjónustu fyrir frið og réttlæti – Heimsmarkmið 16

16 FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI



Að stuðla að friði með menningarskiptum:

Ferðapjónustan auðveldar samskipti og skilning milli fólks með ólíkan bakgrunn, stuðlar að friði og dregur úr átökum með menningarsamskiptum og gagnkvæmri virðingu.



Efnahagslegur stöðugleiki sem grunnur að friði:

Með því að skapa atvinnu og hagvöxt getur ferðapjónustan stuðlað að stöðugleika svæða, sem er lykilatriði í að tryggja frið.



Stuðningur við lög og reglu:

Ferðapjónusta krefst oft og styður skilvirka stjórnarhætti og öflugar stofnanir, þar á meðal lagaumgjörð utan um atvinnurekstur, eignarrétt og vinnulöggjöf.



Samfélagsþátttaka og valdefling:

Ferðapjónustan getur valdeflt samfélög, veitt þeim rödd í þróun ferðapjónustu og tryggt að hún komi öllum hagsmunaaðilum til góða og stuðli þannig að félagslegu réttlæti.





05

Þróun og
aðgangur að
grunnþjónustu
(Heimsmarkmið 9 og 11)



Hlutverk ferðapjónustu í nýsköpun og uppbyggingu – Heimsmarkmið 9

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



Fjárfesting í dreifbýli og á afskekktum svæðum: Ferðapjónusta stuðlar oft að uppbyggingu innviða og fjárfestingar í dreifbýli og á afskekktum svæðum, sem stuðlar að jafnvægi í byggðapróun.

Snjallvæðing og nettenging: Innleiðing stafrænna lausna fyrir bókanir, gestapjónustu og sýndarferðapjónustu krefst góðrar nettengingar og tækniframfara innan samfélaga.

Uppbygging innviða: Vöxtur ferðapjónustunnar knýr oft áfram uppbyggingu innviða, svo sem samgöngukerfa, húsnæðis og afþreyingar, sem kemur heimamönnum jafnt sem ferðamönnum til góða.

Sjálfbærir innviðir: Það er vaxandi áhersla á að skapa sjálfbæra og vistvæna innviði innan ferðapjónustunnar, í takt við græna byggingarhætti og sjálfbært borgarskipulag.



Hvernig ferðapjónustan getur tryggt aðgang að grunnþjónustu

Ferðapjónustan gegnir mikilvægu hlutverki í þróun innviða og samfélagsþróun og þar með eykur hún um leið aðgengi að grunnþjónustu (Heimsmarkmið 9 og 11).

Framfarir og aðgengi skapast með því að auka hagvöxt, hvetja til sjálfbærrar þróunar innviða fyrir alla, og bæta borgarskipulag og opinbera aðstöðu, gera grunnþjónustu aðgengilegri fyrir bæði ferðamenn og heimamenn. Sem dæmi krefst uppbygging í ferðapjónustu oft bættra orku- og vatnsveitukerfa, sem gagnast samfélögum til að fá aðgang að þessum grunnþægindum.





06

Menntun,
meðvitund og
sjálfbærar aðferðir
(Heimsmarkmið 4, 12 og 17)





Hlutverk ferðapjónustu við að tryggja menntun fyrir alla – Heimsmarkmið 4

Þessir tenglar undirstrika hlutverk ferðapjónustunnar við að stuðla að gæðamenntun fyrir alla og símenntunartækifæri, sem skiptir sköpum fyrir persónulegan og faglegan þroska.

1

Greinar ferðapjónustunnar stuðla að meðvitund um menningararfleifð, umhverfisvernd og sjálfbæra starfshætti, sem verður hluti af víðtækari fræðslu.

Meðvitund og umhverfisfræðsla

2

Vöxtur ferðapjónustunnar skapar eftirspurn eftir menntaðra vinnuafli, sem hvetur einstaklinga til að sækja sér meiri menntun og þjálfun.

Atvinnutækifæri fyrir menntað vinnuafli

3

Ferðapjónustan býður upp á vettvang fyrir símenntun, sem gerir einstaklingum kleift að efla stöðugt færni sína og þekkingu.

Símenntunartækifæri

4

Að para nýliða (sérstaklega fulltrúa minnihlutahópa) með reyndum leiðtogum getur flýtt starfsframa og aukið persónulegan þroska.

Leiðbeinendur og starfsþróunar-áætlanir

5

Samstarf við menntastofnanir leiðir af sér ferðatengt nám, svo sem nemendaskipti og námsferðir, sem auðvelda nám og samskipti á milli menningarheima.

Ferðamennsku-menntunaráætlanir

Hlutverk ferðapjónustu fyrir ábyrga neyslu og framleiðslu – Heimsmarkmið 12

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



Sjálfbær auðlinda- stjórnun:

Ferðapjónustan getur einbeitt sér að hagkvæmri nýtingu auðlinda á borð við vatn og orku, með sjálfbæra stjórnun og lágmarkun sóunar í huga.

Að kynna sjálfbærar vörur frá svæðinu:

Að efla notkun sjálfbærrar vöru úr nærumhverfinu í ferðapjónustu, sem styður hagkerfi svæðisins og dregur úr umhverfisáhrifum.

Minnkun úrgangs og endurvinnsla:

Innleiða átak til að draga úr úrgangi og auka endurvinnslu ferðapjónustunnar sjálfrar til að lágmarka umhverfisfótspor.

Sjálfbærar matarhefðir:

Að stuðla að neyslu sjálfbærra matvæla með því að útvega lífrænan mat úr nærumhverfinu og draga úr matarsóun á kaffihúsum, veitingastöðum og hótélum.

Umhverfisvænir gististaðir:

Þróa vistvæna gistingu guleika þar sem sjálfbærum starfsháttum er fylgt við byggingu þeirra, rekstur og viðhald.




Hlutverk ferðapjónustu í samvinnu um markmiðin – Heimsmarkmið 17

Sökum síns þverfaglega eðlis getur ferðapjónustan styrkt samstarf einkaaðila og samfélags og virkjað marga hagsmunaaðila – alþjóðlega, landsbundna, svæðisbundna og staðbundna – til að vinna saman við að ná heimsmarkmiðunum og öðrum sameiginlegum markmiðum.

Opinber stefna og nýsköpunarfjármögnun eru kjarni þess að ná markmiðunum 2030.

Uppbygging ferðapjónustu stuðlar að öllum markmiðunum, ekki bara fyrir þá sem vinna í greininni, þar sem þróun hennar getur skapað margvísleg áhrif með fjölbreyttu samstarfi.

Smellið hér til að lesa meira



[Achieving the Sustainable Development Goals through Tourism – Toolkit of Indicators for Projects \(TIPs\) \(e-unwto.org\)](https://e-unwto.org)

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Stutt samantekt ...

Að öllu þessu sögðu sjáum við að það er ljóst að ferðapjónustan gegnir mikilvægu hlutverki við að ná heimsmarkmiðunum. Hin margbrotnu tengsl ferðapjónustunnar og heimsmarkmiðanna sýna vel hvernig ferðapjónustan getur verið öflugur **drifkraftur fyrir sjálfbæra þróun á heimsvísu.**

Ferðapjónustan er ekki bara einn hornsteinn hagvaxtar á heimsvísu, heldur líka hvati fyrir félagslega þátttöku, sjálfbærni í umhverfismálum og vernd menningarverðmæta. Þegar við nýtum möguleika geirans færumst við nær því að ná metnaðarfullum heimsmarkmiðum, sem mun ryðja brautina fyrir réttlátari, sjálfbærari og farsælli framtíð fyrir alla.



A scenic view of a forested mountain range. The foreground shows a rocky slope with green shrubs. The middle ground is a dense forest of evergreen trees. The background shows rolling hills and mountains under a clear sky. A white rectangular text box is centered over the image.

**MENNTUN ER VEGABRÉF OKKAR VIÐ LANDAMÆRI
FRAMTÍÐARINNAR, ÞVÍ MORGUNDAGURINN TILHEYRIR
FÓLKINU SEM UNDIRBÚIR HANN Í DAG.**

Malcolm X

Til umhugsunar ...

Ættum við frekar að tala um endurnýjanlega ferðapjónustu, en EKKI sjálfbæra ferðapjónustu???

Horfðu á TED fyrirlesturinn og lestu greinina og íhugaðu hvort er betra fyrir framtíð fólks, hnattarins og hagvaxtarins.

- [Endurnýjanleg ferðamennska eða sjálfbær ferðamennska? \(thetourismcolab.com.au\)](http://thetourismcolab.com.au)
- [Developing sustainable tourism practices among local businesses | Burren and Cliffs of Moher UNESCO Global Geopark](#)



www.welead.eu



Fylgið okkur hérna:



This license enables reusers to distribute, remix, adapt, and build upon the material in any medium or format, so long as attribution is given to the creator. The license allows for commercial use. CC BY includes the following elements: BY: credit must be given to the creator.



Co-funded by
the European Union